

# Starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands

## 1. Hlutverk háskólaráðs

### Lög og reglur

Hlutverk háskólaráðs Háskóla Íslands er skilgreint í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, einkum í 5. gr. laganna, en einnig er ákvæði um hlutverk og verkefni ráðsins að finna í öðrum greinum laganna. Í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sem háskólaráð hefur sett, eru fyrir mæli laganna nánar útfærð og m.a. kveðið á um ákvörðunarvald í einstökum málefnum.

Fulltrúum í háskólaráði er skylt að kynna sér lög og reglur, þ.m.t. siðareglur, sem háskólinn starfar eftir.

## 2. Skipan háskólaráðs

Fulltrúar í háskólaráði eru 11 að rektor meðtöldum sem er forseti ráðsins. Háskólaráð er ályktunarbært ef 5 atkvæðisbærir háskólaráðsmenn eða fleiri sækja fund. Ef fulltrúi í ráðinu getur ekki sótt fund skal boða varamann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir fundarstjórn. Háskólaráð kýs úr sínum hópi varaforseta ráðsins sem stýrir fundi í forföllum rektors. Fulltrúar í háskólaráði skulu einungis bundnir af eigin dómgreind um það hvernig best megi stuðla að framgangi og farsælu starfi Háskóla Íslands.

## 3. Fundir háskólaráðs, boðun þeirra og fundargerðir

### Fundir og boðun þeirra

Háskólaráð heldur fundi að jafnaði fyrsta fimmtudag í mánuði á tímabilinu frá september til júní. Fundir fara vanalega fram í fundarstofu háskólaráðs í Aðalbyggingu háskólans. Rektor boðar fundi og stjórnar þeim. Æski þeir fulltrúar í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skrifstofa rektors minnir á fund með tölvupósti á miðvikudegi í vikunni fyrir fund og er fundarboð, dagskrá og fundargögn að jafnaði sent út á föstudegi í vikunni fyrir fund.

### Dagskrá

Fundarboð skal innihalda tímasetta dagskrá og yfirlit yfir mál sem eru til afgreiðslu á fundinum og mál sem eru til kynningar. Undir liðinn "bókfærð mál" í dagskránni heyrja ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en háskólaráð þarf að samþykka. Þetta fyrirkomulag er til þess að gera starf háskólaráðs skilvirkara og gefa því aukið ráðrúm til að fjalla um viðamikil mál, sbr. tölul. 7. Óski fulltrúar í háskólaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því í upphafi fundar en að öðrum kosti skoðast þau samþykkt.

Tillögur að nýjum reglum eða breytingum á gildandi reglum skulu að jafnaði lagðar fyrir háskólaráð á fundum þess í október og apríl. Tillögur að nýjum námsleiðum skulu að jafnaði lagðar fyrir í nóvember og tillögur að fjöldatakmörkun í einstakar námsgreinar skulu lagðar fyrir ráðið í desember. Í upphafi hvers misseris skal lagt fram yfirlit um nefndir, stjórnir og ráð sem háskólaráð hefur aðkomu að og fyrirséð er að skipa þurfi á misserinu.

Að jafnaði fer fram á fundum háskólaráðs kynning á fræðasviðum háskólans, starfsnefndum háskólaráðs og helstu samstarfsaðilum.

### **Undirbúningur og frágangur mála**

Mál skulu að jafnaði ekki borin upp til ákvörðunar á fundum háskólaráðs nema fulltrúar í ráðinu hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft ráðrúm til að kynna sér efni þess. Heimilt er að víkja frá þessu telji ráðið nægjanlega hagsmuni í húfi og að nægar upplýsingar hafi verið lagðar fram á fundinum. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast undirbúning og frágang mála fyrir háskólaráð og fylgir eftir ákvörðunum þess.

### **Form gagna**

Í samræmi við Sjálfbærni- og umhverfisstefnu háskólans skal leitast við að draga úr notkun á pappír og öðrum rekstrarvörum og eru fundarboð og fundargögn háskólaráðs að jafnaði í rafrænu formi.

### **Ákvarðanir háskólaráðs, fundargerðir og birting þeirra**

Rituð er fundargerð þar sem ákvarðanir háskólaráðs eru skráðar. Rektor skipar ritara háskólaráðs. Í kjölfar funda sendir ritari fulltrúum í ráðinu drög að fundargerð og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja daga skoðast fundargerðin samþykkt. Fundargerðir ráðsins og tilkynningar um ákvarðanir þess eru birtar á vef háskólans. Frumrit fundargerða og fundargögn eru varðveitt í skjalasafni háskólans.

Fundargerðir skulu birtar eigi síðar en 10 dögum eftir fund. Eftir því sem lög kveða á um skal birta tilkynningar og auglýsingar um ákvarðanir háskólaráðs í B-deild Stjórnartíðinda eða á öðrum opinberum vettvangi. Aðilum sem ákvarðanir háskólaráðs varða skal tilkynnt um þær skriflega eftir því sem við á.

Rektor getur óskað eftir því, þegar sérstaklega stendur á eða um áriðandi mál er að ræða, að háskólaráð afgreiði með rafrænum hætti einstök mál á milli funda. Ákvarðanir sem teknar eru með þessum hætti skulu staðfestar á næsta fundi ráðsins á eftir og skráðar í fundargerð.

### **Aðrir fundarmenn**

Auk ritara situr fundi háskólaráðs aðstoðarrektor og hefur hann tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Háskólaráð getur kallað starfsmenn skólans eða aðila að málum sem eru til umfjöllunar hjá háskólaráði hverju sinni til að koma inn á fundi ráðsins undir einstökum dagskrárliðum og skal það þá koma fram í fundargerð.

## **4. Aðgangur að gögnum**

Háskólaráð skal hafa aðgang að gögnum sem varða háskólann og nauðsynleg eru til þess að ráðið geti sinnt hlutverki sínu og eftirlitsskyldu sinni. Upplýsingagjöf til háskólaráðsfulltrúa fer í gegnum forseta ráðsins og eftir atvikum innri endurskoðanda.

## **5. Vanhæfi og hagsmunarárekstrar**

Gæta skal að hæfisreglum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við störf í háskólaráði. Með vanhæfi er átt við að nefndarmaður hafi slík tengsl við mál eða aðila, sem er til meðferðar, að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð máls og niðurstöðu. Í 3. gr. stjórnsýslulaga

kemur meðal annars fram að nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila eða ef hann hefur náin fjölskyldutengsl við aðila. Forseti háskólaráðs skal í upphafi hvers fundar kanna meðal fulltrúa í ráðinu hvort þeir telji sig vanhæfa til að fjalla um einstök mál á dagskrá.

## **6. Þagnar- og trúnaðarskylda**

Á fulltrúum í háskólaráði hvílir þagnarskylda um málefni háskólans og annað sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem háskólaráðsfulltrúar og leynt skal fara skv. lögum, eðli máls eða ákvörðun háskólaráðs. Þagnarskylda gildir jafnframt eftir að setu í háskólaráði er lokið. Þegar háskólaráðsfulltrúi hættir í ráðinu skal hann sjá um að gögn, sem hann hefur mótttekið í sambandi við stjórnarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Rektor er málsvari ráðsins. Aðrir háskólaráðsfulltrúar skulu almennt ekki tjá sig í fjölmiðlum um málefni háskólans, nema að höfðu samráði við forseta ráðsins.

## **7. Helstu verkefni háskólaráðs**

### **Stjórnun og stefnumörkun háskólaráðs og rektors**

Háskólaráði er ásamt rektor falin stjórn háskólans. Háskólaráð markar að frumkvæði rektors heildarstefnu í málefnum háskólans [í gildi er *Stefna Háskóla Íslands 2011-2016*], mótar skipulag og fer með almennt eftirlit með starfseminni í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

### **Reglusetningar- og úrskurðarvald**

Háskólaráð setur reglur um starfsemi háskólans á grundvelli laga, fer með úrskurðarvald í málefnum skólans, einstakra deilda og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða fræðasvið háskólans. Undanskilin eru málefni einstakra starfsmanna sem eru alfarið á forræði rektors sem forstöðumanns stofnunarinnar, sbr. ákvæði laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

### **Árleg starfsáætlun**

Háskólaráð leggur að frumkvæði rektors fram til afgreiðslu starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs. Ráðið vinnur samkvæmt samþykktri starfsáætlun.

### **Fjármál og rekstur**

Fjármál og rekstur háskólans eru eitt helsta viðfangsefni ráðsins. Háskólaráð mótar reglur um skiptingu fjár milli rekstrareininga háskólans innan þess ramma sem fjárveitingar og reglur um ráðstöfun sértekna heimila. Ráðið hefur eftirlit með rekstri háskólans, þ.m.t. reikningshaldi, meðferð fjármuna og samstarfssamningum og yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.

### **Samningar og umsjón með eignum**

Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskólinn gerir og hefur yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og eignum og fer með eignarhlut háskólans í fyrirtækjum. Ráðinu er heimilt að semja við samtök stúdenta, hollvinasamtök, samtök og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd skólans.

### **Framsal ákvörðunarvalds**

Háskólaráð getur framselt ákvörðunarvald sem rektor eða öðrum stjórnendum er fengið í einstökum málum eða málaflokkum til annarra stjórnenda. Fallist háskólaráð á slíkt framsal skal það gert með skriflegum hætti. Um slíkt framsal er unnt að ákveða í sérstökum reglum.

### **Skipan í stjórnir ráð og nefndir**

Háskólaráð skipar í ýmsar stjórnir, ráð og nefndir, skv. lögum, reglum, samningum eða fyrir beiðni stjórnvalda.

### **Starfsnefndir háskólaráðs**

Á vegum háskólaráðs og rektors starfa nú eftirtaldar starfsnefndir: Fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd, samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og vísindanefnd. Starfsnefndirnar eru ráðgefandi hver á sínu sviði, en fara hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald, nema sérstaklega sé kveðið á um það í erindisbréfi sem háskólaráð setur.

Rektor er heimilt að skipa starfshópa sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun um einstök málefni og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

### **Háskólaþing**

Fulltrúar í háskólaráði eiga sæti á háskólaþingi með málfrelsi og tillögurétt en aðrir fulltrúar en rektor sitja þar án atkvæðisréttar.

## **8. Hlutverk rektors**

### **Stjórnunar- og ákvörðunarvald**

Rektor fer með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans á milli funda háskólaráðs. Eins og kveðið er á um í lögum er rektor yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi hans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra fræðasviða og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði.

### **Ráðningarvald**

Rektor ræður forseta fræðasviða, aðstoðarrektor, framkvæmdastjóra og starfsfólk sameiginlegrar stjórnarsýslu og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

Rektor veitir ótímabundin akademísk störf við Háskóla Íslands og framgang akademískra starfsmanna.

### **Eftirlit**

Rektor er opinber embættismaður sem er skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra skv. tilnefningu háskólaráðs og að undangenginni kosningu innan háskólans. Um starfsemi Háskóla Íslands og störf rektors gilda m.a. ákvæði laga um háskóla nr. 63/2006, laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 50/1996 og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkir rekstraráætlun og Ríkisendurskoðun endurskoðar ársreikning Háskóla Íslands.

### **Sameiginleg stjórnarsýsla**

Í umboði rektors hafa aðstoðarrektor, framkvæmdastjóri og sviðsstjórar stjórnarsýslu yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnarsýslu háskólans. Forsetar fræðasviða hafa

eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnýslu fræðasviða. Rektor heldur reglulega samráðsfundi með forsetum fræðasviða.

### **9. Þóknun**

Fulltrúar og varafulltrúar í háskólaráði, að rektor undanskildum, fá greidda þóknun fyrir fundarsetu, 7 klst. fyrir hvern fund sem þeir sækja. Greiðslan miðast við þóknunataxta fyrir yfirvinnu skv. launaflokki 090 í Félagi háskólakennara. Þóknun til fulltrúa í háskólaráði er greidd tvisvar á ári í lok hvers misseris.

### **10. Árangursmat**

Fyrir lok hvers starfsárs skal háskólaráð taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári og leggja mat á árangur og gera tillögur til úrbóta, þ.m.t. eftir því sem ástæða er til á starfsreglum ráðsins. Slíku mati er ætlað að bæta vinnubrögð og tryggja skilvirkni háskólaráðs. Háskólaráð skipar úr sínum röðum fjögurra manna nefnd sem annast matið og ritar greinargerðina. Í nefndinni er einn fulltrúi hvers hóps sem myndar háskólaráð, þ.e. einn fulltrúi háskólasamfélagsins, einn tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn valinn af háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta. Varaforseti háskólaráðs er formaður nefndarinnar og situr hann jafnframt fyrir þann hóp sem hann er fulltrúi fyrir í háskólaráði. Nefndin getur leitað sérfræðiaðstoðar við matið ef þurfa þykir.

### **11. Endurskoðun starfsreglnanna**

Starfsreglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands. Allir háskólaráðsfulltrúar fá eintak af starfsreglunum þegar þeir taka sæti í ráðinu. Starfsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir ástæðum gerðar á þeim breytingar, sem háskólaráð ákveður.

**Þannig samþykkt á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands 1. nóvember 2012. Breytt á fundi háskólaráðs 5. september 2013.**